# Auglýsinga- og kynningarblað ísfirskra skíðamanna 1977

**Verðlaunagetraun auglýsingablaðsins:**

VINNINGUR:
**Helgarferð til Reykjavíkur með gistingu á hóteli.**

Í hvaða auglýsingum hér í blaðinu, standa eftirfarandi setningar:

1. **Kerti og konfekt.**
2. **Meðan á viðgerð stendur.**
3. **Um að bóna.**
4. **Persónulegan blæ.**
5. **Þá eigum við hann.**

Úrlausnir þurfa að berast í Pósthólf 36 fyrir 26. desember 1977.



## Fullkomnasti ræsibúnaður á Íslandi

Í vetur verður tekið í notkun nýr ræsibúnaður fyrir svig og stórsvig. Útbúnaður þessi er mjög tæknilegur. Hannaður og smíðaður af þeim hugvitsbræðrum Hálfdáni og Erni Ingólfssonum hjá Pólnum h/f Ísafirði. Ræsibúnaðurinn er þannig útbúinn að engin símalína er notuð, heldur er þráðlaust samband í staðinn. Þegar tímaverðirnir eru tilbúnir, þá er sendur sónn upp í rásmark, sem gefur til kynna að keppandi má fara af stað. Þegar keppandinn er lagður af stað breytist sónninn og gefur til kynna að klukkan hafi farið í gang. Ræsirinn veit því strax ef klukkan fer ekki í gang af einhverjum ástæðum og getur látið stoppa keppandann í tæka tíð.

Þegar ræsirinn þarf að tala við tímavörðinn, þarf hann ekkert að ,,skipta" eins og á venjulegum talstöðvum, heldur ,,skiptist" sjálfkrafa, þegar talað er í tólið. Þá er þannig útbúnaður við klukkuna að þó að svo óheppilega vildi til að einhver óviðkomandi renndi sér í gegnum markið, þegar keppandi er á leiðinni niður, þá er tími hans þar með ekki eyðilagður, eins og á venjulegum tímatökutækjum, heldur stöðvast aðeins ljósborð klukkunnar, en klukkan telur í minni og tímavörðurinn ýtir aðeins á hnapp, og þá kemur rétti tíminn á ljósaborðið og heldur áfram að teljast þar.

Þetta er fyrsti áfangi þessa tæknilega ræsibúnaðar, annar áfangi er í frum hönnun hjá þeim bræðrum, en það er ljósatafla sem komið verður fyrir á markhúsinu og á hún að sýna tíma keppandans um leið og henn rennir sér niður brautina.

Ljósatöflunni ásamt fleiri nýjungum verður bætt við á næstu árum.

Skíðaunnendur á Ísafirði fylgjast með þessari nýjung af miklum áhuga, einnig hafa forráðamenn skíðaíþróttarinnar annars staðar á landinu sýnt mikinn áhuga á þessu tæki, kom það fram á haustráðstefnu S.K.Í., sem haldin var á Húsavík s.l. október.

**Raforka sf.** Ísafirði - Sími 4060
Ertu með öryggisrofa? Ef svo er ekki, **þá eigum við hann.**
Hinir geysivinsælu sjónvarpshitablásarar eru komnir.
**Birgir Ólafsson heimasími 3853**
**Bergmann Ólafsson heimasími 3197**

SPARIFJÁREIGENDUR
ÁVAXTIÐ SPARIFÉ YÐAR
Á VAXTAAUKAREIKNINGUM.

**ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS**
ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI

LANDSBÓKASAFN
373032
ÍSLANDS

Verslunin **ÓSK** auglýsir:

Hjá okkur fáið þið jólagjöf fyrir alla fjölskylduna, hanska, vettlinga, sokkahlífar. Einnig hinar vinsælu Jovan snyrtivörur fyrir dömur og herra.

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**NIÐURSUÐUVERKSMIÐJA**
**O. N. Olsen hf.**

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Útvegsbanki Íslands**
Útibúið á Ísafirði

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Rækjustöðin hf.**
**ÍSAFIRÐI**

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Rækjuverksmiðjan hf.**
**hnífsdal**

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Olíusamlag útvegsmanna**
**Sími 3245**

**Mjölvinnslan hf.**
**HNÍFSDAL**

**MIÐFELL HF.**
**HNÍFSDAL**

GLEÐILEG JÓL!
FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin
á árinu
sem er að líða.

**ESSO-NESTI**

GLEÐILEG JÓL!
FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin
á árinu
sem er að líða.

**NIÐURSUÐUVERKSMIÐJAN HF.**
**TORFNESI**

Mikið úrval
af jólavörum.

Lítið inn.

**HÚSGAGNAVERSLUN ÍSAFJARÐAR**

Hollir og góðir ávextir,
mikið úrval!
GOTT VERÐ!

**LJÓNIÐ**
**VÖRUMARKAÐUR**

**Sænskar spónaplötur**
**10 - 12 - 16 - 18 mm. þykkar**
**Gólfdúkar, gólfteppi,**
**Gosull, álpappír, sement, kalk.**

**TIMBURVERSLUNIN BJÖRK**
Ísafirði sími 3063

Sendum starfsfólki okkar og viðskiptavinum bestu jóla- og nýjársóskir, og þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

**VÉSMIÐJAN ÞÓR HF.**

**Léttar veitingar**
**eftir harðar æfingar**
**Hamraborg**

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**M. BERNHARÐSSON SKIPASMÍÐASTÖÐ HF.**

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Trésmíðaverkstæði**
**Daníels Kristjánssonar**

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Kofri hf. Úlfsá**

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Ofnasmiðja Vestfjarða hf.**

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Netagerð Vestfjarða hf.**

# Ísafjarðarkaupstaður

## Lóðaúthlutun á Ísafirði 1978

Ákveðið hefur verið að auglýsa eftirtaldar lóðir til umsóknar **með umsóknarfresti til 15. desember 1977 :**

**Einbýlishúsalóðir:**

| | |
|---|---|
| Kjarrholt | 7 lóðir |
| Lyngholt | 5 lóðir |
| Brautarholt | 1 lóð |
| A-gata, Hnífsdal | 6 lóðir |
| Bakkavegur | 1 lóð |
| | Samtals 20 lóðir |

**Raðhúsalóðir:**

| | |
|---|---|
| Hafraholt | 10 lóðir (ein hæð) |
| Góuholt | 19 lóðir (tvær hæðir) |
| Heiðarbraut | 3 lóðir (tvær hæðir) |
| Ný gata ofan Ísafjarðarvegar | 12 lóðir (tvær hæðir) |

**Fjölbýlishúsalóðir:**

| | |
|---|---|
| Stórholt | Allt að 34 íbúðir |
| Fjarðarstræti (fylling) | Allt að 24 íbúðir |

**Seljalandshverfi**

Ákveðið hefur verið að kanna áhuga fyrir íbúðarhúsabyggingum ofan Skógarbrautar þ.e. einbýlis- og raðhúsum (líklega tveggja hæða) (Ekki er vitað nú hvenær gatnaframkvæmdir geta hafist).
Þeir sem áhuga hafa á íbúðarhúsabyggingum í Seljalandshverfi eru beðnir að senda inn umsóknir fyrir 15. desember n.k.

**Lóðir fyrir atvinnuhúsnæði o.fl.**

Þeim, sem áhuga hafa á lóðum undir atvinnuhúsnæði, eða til annarra nota, ber einnig að senda inn umsóknir fyrir 15. desember n.k.

**Upplýsingar o.fl.**

Tæknideild bæjarins (Austurvegi 2, þriðja hæð) veitir allar nánari upplýsingar varðandi ofangreindar lóðir.
Eldri umsóknir ber að endurnýja.
Ums0knir ber að senda undirrituðum fyrir 15. desember n.k.

**Ísafirði, 22. nóvember 1977**
**BÆJARSTJÓRINN Á ÍSAFIRÐI**

---

GLEÐILEG JÓL!
FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin
á árinu
sem er að líða.

**TRÉSMÍÐA-
VERKSTÆÐI
ARNÓRS
STÍGSSONAR**

---

Eigum fyrirliggjandi:

**HEFLAÐ TIMBUR
KAMBSTÁL
Væntanleg er glerull
2", 3", og 4".**

Steiniðjan h/f
Vesttak h/f
Garður h/f
JÓN ÞÓRÐARSON

**Sími 3472**

---

## Alþýðuhús Ísfirðinga




Þetta er ein af jólamyndunum í ár.

Munið sjálfvirka símsvarann 4202

---

Málning - Veggfóður -
Veggstrigi
Tempo húsgagnalakk
PUK viðarbæs í litum.
Fatalitir.

**G. E. Sæmundsson
hf. málningarvöru
verslun
sími 3047**

---

## SKÍÐAÚTBÚNAÐUR

**KNEISSL**
**SVIGSKÍÐI GÖNGUSKÍÐI**

**LOOK** **ÖRYGGIS-BINDINGAR**



**SAN MARCO skíðaskór**

**SKÍÐAGLERAUGU
SKÍÐASTAFIR
SKÓHALDARAR**

**Verslunin Kjartan R. Guðmundsson**
Hafnarstræti 1 — Sími 3507

---

## Frönsk ilmvötn

í miklu úrvali
einnig gjafakassar og baðvörur.

**Ísafjarðar apótek**
HRAFNKELL STEFÁNSSON · SÍMI 3009 · PÓSTHÓLF 14 · ÍSAFIRÐI

---

## Raf Bílabúð

Höfum ávallt á lager
skíðagrindur,
snjókeðjur
og varahluti í bíla.

**RAF HF. ÍSAFIRÐI
sími 3279**

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Eimskipafélag Íslands hf.**
Afgreiðslan á Ísafirði

**Úrvals hangikjöt og svínakjöt.**
**Nýir ávextir.**
**Ávextir í dósum.**
**Kerti og konfekt í miklu úrvali.**

**BJÖRNSBÚÐ**
**Ísafirði, sími 3032**

# Látið smurstöðina um að bóna bílinn

Bónum og þvoum á þriðjudögum og miðvikudögum.

**FAST VERÐ!**
Ameríska bíla kr. 5—6 þúsund
Volvo, Cortina kr. 5 þúsund
Toyota, Mazda kr. 3,5—4 þúsund.

## Vetrarskoðun

**Verð fyrir 4 cyl. kr. 12.620.**
**Verð fyrir 6 cyl. kr. 13.480.**
**Verð fyrir 8 cyl. kr. 15.340.**

Innifalið í verði er vinna, kerti, platínur, olía og smurning.

Útvegum varahluti í alla bíla—
Hringið í síma 3837.

Bílaverkstæði Ísafjarðar
SÍMAR 3379 OG 3837

Verið velkomin á Hótel Mánakaffi.
Matur, gisting. Sendum heim heita og kalda veislurétti.

**HÓTEL MÁNAKAFFI**
Sími 94-3777

GLEÐILEG JÓL!
FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Rafveita Ísafjarðar**

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Tryggvi Guðmundsson**
LÖGFRÆÐINGUR



**Hvort sem þér ætlið á fljúgandi ferð eða bara hægt og rólega — þá útvegum við yður**

# réttu skíðin.



bjt
Bókaverzlun Jónasar Tómassonar
**Ísafirði — Sími 3123**

**PÓLLINN HF**

**RAFÞJÓNUSTA 3092**
**RAFTÆKJASALA 3792**

# Litasjónvarpskaupendur!

Litasjónvarp keypt hjá okkur tryggir ykkur góða þjónustu. Ef tækið bilar og ekki er hægt að gera við það samdægurs, þá lánum við tæki meðan á viðgerð stendur.
Þú átt ekki á hættu að þurfa að senda tækið suður til viðgerðar þannig að það, að versla við okkur tryggir beggja hag.

## Heimsmeistaramótið á skíðum 1978

Skíðasamband Íslands hefur ákveðið þátttöku íslendinga í heimsmeistaramótinu, sem haldin verður í Alpagreinum í Garmich-Partenkrichen í Vestur Þýskalandi. En í Noregi í norrænum greinum.

Mót þetta sem er haldið fjórða hvert ár, fer fram um mánaðarmótin jan-febr.

Skíðasambandið hefur valið eftirtalda skíðamenn til fararinnar:

Í Alpagreinum
Sigurð Jónsson, Ísafirði
Hafþór Júlíusson, Ísafirði,
Hauk Jóhannsson, Akureyri
Steinunni Sæmundsdóttur, Reykjavík
Í göngu
Halldór Matthíasson, Reykjavík.

Liðið mun fara utan til æfinga og keppni, strax eftir áramótin.

**Allir á Dalinn!**


## Ferðir Fagraness yfir hátíðirnar:

| | |
|---|---|
| 19 des. vestur | 20 des. Djúpið |
| 22. des. vestur | 23. des. Djúpið |
| 27. des. vestur | 28. des.Djúpið |
| 30. des. vestur | 2. jan. Djúpið |
| 5. jan. vestur | |

DJÚPBÁTURINN HF.


## Punktamót fyrir fullorðna 1978

28-29 jan. Reykjavík: Svig - stórsvig - ganga
11-12 febr. Húsavík: Svig - stórsvig
11-12 febr. Siglufjörður: Ganga
25-26 febr. Akureyri: Svig - stórsvig
25-26 febr. Ólafsfjörður: Ganga
11-12 mars. Ísafjörður: Svig - stórsvig -ganga
21-27 mars. Reykjavík: Íslandsmót
14-15 mai. Siglufjörður: Svig - stórsvig

## Punktamót fyrir unglinga 1978

28-29 jan. Reykjavík: Ganga
4-5 febr. Ísafjörður: svig - stórsvig
25-26 febr. Ólafsfjörður: Ganga
4-5 mars: Húsavík: Svig - stórsvig
17-19 mars. Akureyri: Íslandsmót
8-9 april. Akureyri: Andrésar Andarmót

## Breyting á rásröð

Sú breyting verður á rásröð í Alpagreinum næsta keppnisár að aðeins verður dregið um rásröð þeirra 10 sem hafa bestu punktana, þannig að sá sem er 11. í punktastöðinni er ræstur no. 11 síðan koll af kolli.

Í síðari umferð ræsa þeir fyrstir, sem náð hafa 5 bestu tímum í fyrri ferð innan fyrsta ráshóp og snýst rásröð þeirra við. Síðan eru þeir 5 sem eftir eru í fyrsta ráshóp ræstir eftir tímum úr fyrri ferð. Síðan er ræst eftir tímum úr fyrri ferð.


## Tinni er kominn í Landsbankann



Nú geta allir krakkar safnað sparifé í stóran Tinna sparibauk með alvöru hengilás. Tinna sparibaukurinn er auðvitað gullkista, sem er gætt af Tinna sjálfum, Kolbeini skipstjóra og hundinum Tobba. Bráðskemmtilegur sparibaukur, sem börn og unglingar kunna vafalaust að meta.

**Komið í Landsbankann og spyrjið um Tinna!**



LANDSBANKINN
ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI


## Bikarkeppni Skíðasambandsins

Í ráði er að gera Bikarkeppni Skíðasambandsins meira lifandi en undanfarin ár og birta stöðuna að loknu hverju móti.

Fyrir þá sem áhuga hafa á Bikarkeppninni og vilja sjálfir reikna út stigin. Birtum við hér töfluna sem reiknað er út eftir.

Nr. 1 fær 25 stig
Nr. 2 fær 20 stig
Nr. 3 fær 15 stig
Nr. 4 fær 11 stig
Nr. 5 fær 8 stig
Nr. 6 fær 6 stig
Nr. 7 fær 4 stig
Nr. 8 fær 3 stig
Nr. 9 fær 2 stig
Nr. 10 fær 1 stig




**Taktu tvær**

*Báðar eru jafnnauðsynlegar.*
*Önnur varðar húseign og fastar innréttingar, hin tryggir innbúið.*
*Hringdu eða líttu inn og kynntu þér mismuninn á húseiganda- og heimilistryggingu og hvers vegna þú þarft þær báðar.*

*Láttu okkur um óvæntu skellina.*
*Það er okkar starf.*

SAMVINNUTRYGGINGAR GT
SILFURTORGI 1 — SÍMI 3555 — ÍSAFIRÐI



**BLIKKSMIÐJA ERLENDAR**



ÞAKRENNUR
ÞAKRENNUBÖND
NIÐURFALLS OG LOFTPÍPUR
HNÉ
KJÖLJÁRN ÝMISKONAR
ÞAKVENTLAR
ÞAKGLUGGAR
SORPRÖR

BLIKKSMIÐJA ERLENDAR
Aðalstræti 1 — Ísafirði
Vinnusími 4091 — Heimasími 4191



GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á líðandi ári.

**Prensillinn**
Hafnarstræti 8 - Sími 3221

Handavinna í pakkningum.
Smyrna teppi og púðar fyrir börn og fullorðna.
Fill Bast og málningarföndursett, tilvalið til jólagjafa.

**Verslun Helgu Ebenezersdóttur**
Silfurgötu 2 - Ísafirði

**Leigjum út sali til dansleikja, árshátíða, ráðstefna og funda, einnig íþróttasal og saunabað.**

**FÉLAGSHEIMILIÐ HNÍFSDAL**

**DÖMUR — HERRAR**
**Hannyrðavörur og ýmsar vörur fáið þið hjá okkur.**
**Handavinna gefur heimilinu persónulegan blæ.**

**HANNYRÐABÚÐIN**
Ísafirði - Sími 3076

Neisti h/f
**ÍSAFIRÐI SÍMI 3416**
Nú sem fyrr — í fararbroddi.

**Mikið úrval jólagjafa -**

**Paddington spil - Emil í Kattholti spil - DUP dúkkur - Dúkkuvagnar - Stórir bílar - Litlir bílar - Tonka bílar - Lego kubbar - Dúkkuhús 4 gerðir - Virki plast og tré - Snjóþotur 3 gerðir - Keramik - Styttur - Mannbroddar - Broddar á stafi.**
**GJÖRIÐ SVO VEL AÐ LÍTA INN.**

**VINNUVER MJALLARGÖTU 5**

Rörverk hf
ÍSAFIRÐI
Í verslun okkar að Fjarðarstræti 16, fáið þér allt til pípulagna.
Hreinlætistæki og úrval af hinum heimsþekktu GROHE blöndunartækjum.

GLEÐILEG JÓL! FARSÆLT NÝTT ÁR!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**Hraðfrystihúsið hf.**
**HNÍFSDAL**

**ÁVALLT MIKIÐ ÚRVAL AF GÓÐUM FISKI**



**HRAÐFRYSTIHÚSIÐ NORÐURTANGI HF**
**FISKBÚÐ – SÍMI 3497**

# Skíðalyftan Seljalandsdal

**Nú í haust hefur verið unnið að því að koma fyrir sjálfvirku starti við neðri lyftuna á Seljalandsdal.**

**Með sjálfvirku starti og fjölgun togstanga er ætlunin að auka afköst lyftunnar verulega, og að gera startið auðveldara og þægilegra fyrir alla skíðaiðkendur.**

**Í tilefni af þessu vill skíðalyftan kynna nokkrar almennar reglur um notkun lyftanna. Sérstaklega er mikilvægt að byrjendur fylgi þessum reglum, til að auðvelda þeim startið, og að forðast fall.**

**1. Standið eðlilega á skíðunum, upprétt með hnén sveigjanleg og skíðin samsíða.**
**2. Setjist ekki niður. Þetta er ekki stólalyfta.**
**3. Haldið stöfunum í ytri hendi, þ.e. hægri hendi. Hafið ólarnar ekki um úlnliðina.**
**4. Haldið stönginni í hinni hendinni, þ.e. vinstri hendi. Setjið diskinn ekki milli fótanna fyrr en þér eruð komin á hreyfingu.**
**5. Látið skíðin renna beint upp tilbúnu slóðina.**
**6. Sleppið stönginni rólega meðan þér eruð enn í beinni stefnu.**
**7. Stígið síðan strax til hliðar, munið að annar skíðamaður er rétt á eftir yður. Og gætið þess að verða ekki fyrir stöng á niðurleið.**
**8. Við notkun efri lyftunnar er þess krafist að skíðafólk hafi öryggisbindingar.**

**Þessar reglur um hvernig fara eigi af stað í lyftunum gilda jafnt um báðar lyfturnar. Startið er nákvæmlega eins og áður, aðeins verður nú ekki maður við neðri lyftuna til að hleypa stönginni af stað, heldur gerir skíðamaðurinn það sjálfur með því að renna sér í gegnum rafmagnshlið, þegar honum hefur verið gefið merki um það.**

**Sjálfvirka startið var að hluta keypt frá Noregi og að hluta smíðað hjá Vélsmiðju Ísafjarðar og Pólnum. Vinnan við sjálfstartið er komin vel áleiðis og er vonast til að því verði lokið um miðjan desember.**

**ORKLA spónaplötur**

**10, 12, 16 og 25 mm.**

Óskum starfsfólki og viðskiptamönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári þökkum viðskiptin.

STAKKANESI
SÍMI 3950

Fyrir herra:

**MOKKASKINNJAKKAR**
**HÚFUR**
**LÚFFUR**
**SKÓR**
**PEYSUR**
**SKYRTUR**

Fyrir dömur:

**MOKKASKINNJAKKAR OG KÁPUR**
**HÚFUR LÚFFUR**
**HANSKAR**
**SKÓR**
**KJÓLAR**
**PEYSUR**
**BLÚSSUR**
**NÁTTKJÓLAR**
**SLOPPAR**
**UNDIRFATNAÐUR**

Fyrir börn:

**HÚFUR**
**LÚFFUR**
**SKÓR**

**GRÁFELDUR HF.**
HAFNARSTRÆTI 8 — SÍMI 4191 — ÍSAFJÖRÐUR

HRÖNN HF. ÍSAFIRÐI

Flauelsbuxur —
Dömupeysur
**Herrajakkaföt**
Skyrtur —
Terrylenebuxur

**VERSLUNIN**
Eplið
**ÍSAFIRÐI SÍMI 3507**

BESTU JÓLA-
OG NÝÁRSÓSKIR.

**BÚÐANES HF.**

Óskum
landsmönnum öllum
gleðilegra jóla
árs og friðar.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum
**BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS**
Umboðsmenn um land allt

BESTU JÓLA- OG
NÝÁRSÓSKIR.

**Íþróttahús og**
**Sundhöll Ísafjarðar**

**Íshúsfélag Ísfirðinga hf.**
ÍSAFIRÐI

Óskum starfsfólki okkar
og viðskiptavinum
gleðilegra jóla
árs og friðar,
og þökkum jafnframt
samstarf og viðskipti
á líðandi ári.

**Íshúsfélag Ísfirðinga hf.**
ÍSAFIRÐI

# Happdrættisárið 1978 Happaárið þitt?

Í heild verður upphæð vinninga 324 milljónir — hækkar um 108 milljónir.

Vinningslíkurnar eru 1:4 því að vinningarnir verða 18750 og útgefnir miðar 75000.

Nú verður milljón króna vinningur dreginn út mánaðarlega — og tveir í desember.

Í hverjum mánuði verður líka hálfrar milljón króna vinningur — og 13 í desember.

Lægstu vinningar verða 50 og 15 þúsund.

**Vinningur til margra ávinningur fyrir alla.**

Aukavinningur dreginn út í júní er Mercedes Benz 250 — að verðmæti yfir 5 milljónir króna.

Margir verða vinningshafar — og njóta góðs af starfi SÍBS, því að það felur í sér aukið öryggi fyrir alla landsmenn.

Það kostar aðeins 600 kr. á mánuði að gera eitthvað í því að fjölga happadögum sínum í ár.

**Happdrætti SÍBS**


## Tillitssemi í skíðabrekkunni




1 Allir skíðamenn eiga að skíða af gætni, þannig að þeir hafi stjórn á hraðanum. Gætið ykkar á lyftustaurunum.

2 Þegar skíðamaður skíðar niður brekkuna og nær öðrum skíðamanni, þá á sá er að ofan kemur að forðast árekstur við þá, sem eru neðar í brekkunni.

3 Þegar skíðamenn nálgast hvern annan úr gagnstæðri átt, þá víkur sá, sem fær skíðamann á sína hægri hlið.

4 Skíðamenn skulu ekki stansa, þar sem þeir geta verið hættulegir öðrum skíðamönnum.

5 Skíðamaður sem skíðar þvert á brekkuna, skal gæta að skíðamönnum, sem að ofan koma.

6 Skíðamaður í kyrrstöðu, skal líta vel til beggja hliða, áður en hann leggur af stað.

7 Gangið ekki í skíðaslóðinni á skóm, sem gera djúp för í snjóinn. Gangið til hliðar við skíðaslóðina.

8 Vinsamlega hafið öryggisól eða stoppara á skíðunum.

9 Takið vel eftir öllum leiðbeiningaskiltum í brekkunni.